

KPMG ehf.
kt. 590975-0449

2026

Staðfestingarbréf þetta er skrifað í tengslum við aðstoð KPMG við gerð ársreiknings fyrir félagið Hitaveita Brautarholts fyrir árið 2025 í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Við staðfestum að okkur er kunnugt um ábyrgð okkar á að gerð og glögg framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti, eftir því sem við verður komið, sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður. Við staðfestum að við höfum yfirfarið ársreikninginn og staðfestum að allar upplýsingar er varðar rekstur félagsins á árinu og efnahag þess í lok árs ásamt upplýsingum í skýrslu stjórnar séu viðeigandi og fullnægjandi. Við samþykkjum ársreikninginn.

Jafnframt staðfestum við eftirfarandi:

- Við höfum afhent ykkur öll gögn sem nauðsynleg eru til að gera ársreikning fyrir félagið í samræmi við lög.
- Ekki er um að ræða aðrar kröfur eða skuldbindingar sem færa skal í ársreikninginn og engar aðrar hugsanlegar kröfur, hugsanlegar eignir eða hugsanlegar skuldbindingar sem færa skal í ársreikninginn lögum samkvæmt.
- Við staðfestum að við höfum veitt ykkur allar upplýsingar um tengda aðila eins og þeir eru skilgreindir í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og staðfestum að öll veruleg viðskipti við tengda aðila koma fram í ársreikningnum.
- Það hafa ekki komið upp nein raunveruleg eða hugsanleg álitamál um brot á lögum eða reglum né sviksemi sem leitt gæti til atburða sem hefðu veruleg áhrif á ársreikning félagsins.
- Það hafa engir atburðir gerst eftir uppgjörsdag sem ber að færa í ársreikninginn eða skýra frá.
- KPMG hefur farið yfir ársreikning Hitaveita Brautarholts með okkur. Jafnframt hefur KPMG farið yfir með okkur skattframtal vegna ársins 2025. Við staðfestum að stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir því að þær upplýsingar og fjárhæðir sem fram koma á skattframtali þess séu réttar samkvæmt okkar bestu vitund. Við skiljum að ófullnægjandi eða röng upplýsingagjöf á skattframtali getur haft í för með sér álagsbeitingu eða refsingu. Við heimilum KPMG að senda skattframtalið til Skattsins.

Virðingarfyllst,

Hitaveita Brautarholts
